



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

LÍF OG FJÖR Í ÁSLANDSSKÓLA

Kæru nemendur / foreldrar

Nóg hefur verið að gera í skólanum okkar frá síðasta blaði Flórgoðans.

Skólinn hlaut styrk til **forritunarkennslu** sem þýðir að við höfum aukna möguleika á því sviði á næsta skólaári.

Undankeppni **Stóru-upplestrarkeppninnar** fór fram í skólanum. Alltaf hátíðlegt og skemmtilegt þegar við veljum fulltrúa okkar til að koma fram í Hafnarborg.

Nýverið voru **upplýsingaskjái**r teknir í notkun í skólanum. Á þeim verða alls kyns upplýsingar um

skólastarfið. Einna skemmtilegast hefur þó verið að fylgjast með yngstu nemendum fyrir framan skjáina að lesa. Því má segja að skjáirnir þjálfu líka lestur ásamt því að veita upplýsingar.

Fjórir starfsmenn skólans halda til Noregs í næsta mánuði í tengslum við **Erasmus+** verkefnið okkar (áður Comenius) en næsta tölublað Flórgoðans verður helgað því verkefni,

Með skólakveðju

Leifur S. Gardarsson

Skólastjóri

Sætabrauð með kaffinu

Einföld og góð uppskrift þar sem fjölskyldan getur átt góða stund saman og bakað gott meðlæti með sunnudagskaffinu. Uppskrift beint úr nemendaeldhúsi Áslandsskóla.

Efni:

- ¾ dl mjólk
- ¾ dl heitt vatn
- 2 tsk þurrger
- 2 msk sykur
- ¼ tsk salt
- 2 msk matarolía
- 1 lítið egg
- 1 msk hveitiklið
- 4-5 dl hveiti

Aðferð:

1. Kveikið á ofninum á 60 °C
2. Setjið allt í skál, nema 1 dl af hveiti og hrærið vel saman
3. Hrærið deigið og hnoðið, bætið hveiti við þar til deigið klístrast ekki
4. Fletjið deigið út í ferhyrnin, örlítið aflangan og penslið með mjólk, stráið kanilsykri yfir
5. Brjótið deigið inn á við frá báðum langhliðum, þannig að það verði þrefalt
6. Skerið deigið niður í ræmur, um 1 1/2 cm breiðar
7. Hnýtið hverja deigræmu í hnút og setjið á ofnplötu með pappír. Munið að hafa gott bil á milli því hnútarnir stækka í ofninum
8. Setjið hnútana inn í ofn og látið þá hefast í 8 mínútur, hækkið svo hitann í 200 °C og bakið í 15 mínútur



FLÓRGOÐINN er fréttablað **ÁSLANDSSKÓLA**

Öll tölublað Flórgoðans er hægt að finna á vefsetri skólans

<http://www.aslandsskoli.is/florgodinn.htm>

KOMDU OG SKOÐAÐU BÍLINN

Nemendur í 1. bekk eru búnir að vera vinna verkefnið „Komdu og skoðaðu bílinn“. Þau skoðuðu t.d. bíla frá því að langalangamma og afi voru upp og sáu að þeir voru nú aldeilis glæsilegir. Þau bjuggu til sinn eigin bíl og gerðu súlurit um það hvaða litur væri vinsælastur hjá fjölskyldum þeirra.

Einnig gerðu þau veggmynd með hringtorgi, gangbraut og hinum ýmsu umferðarmerkjum og að lokum fóru þau út og gerðu rannsóknir á bílnúmerum og fjölda bíla.

Allt þetta og miklu meira til hafa þessi duglegu börn unnið að sl. mánuð.



Á bolludaginn mánudaginn 3. mars mega allir koma með bollur í skólann.

Öskudagur miðvikudaginn 5. mars er sveigjanlegur skóladagur. Við gerum okkur dagamun frá klukkan **8:10 – 11:00**. Sund, leikfimi og lotur verða samkvæmt stundaskrá.

Við hvetjum alla til að mæta í búningum/náttfötum en við skiljum vopn eftir heima.

Nemendur í 1. – 4. bekk fara í mat klukkan 10:30 og ljúka skóladegi hjá umsjónakennara kl. **11:00**.

Nemendur í 5. – 10. bekk fara í mat kl. 11:00 og þá lýkur skóladegi hjá þeim.

Nemendur í 1. – 7. bekk fara í frímínútur og þurfa því að koma klædd til útiveru.

FORRITARAR FRAMTÍÐARINNAR

Föstudaginn 21. febrúar voru styrkir úr sjóðnum Forritarar framtíðarinnar afhentir í Ráðhúsinu í Reykjavík. Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhenti styrkina í viðurvist kennara og barna frá þeim grunnskólum sem hlutu styrkina að þessu sinni.

Ýmsar skemmtilegar uppákomur voru fyrir börnin, t.d. fór Vísinda Villi á kostum við að gera tilraunir auk þess sem **Skema** bauð upp á skemmtilega uppákomu tengda forritun.

Virði styrkjanna eru á fjórðu milljón og skipast þeir á milli fjögurra skóla að þessu sinni:

- Grunnskóla Bolungarvíkur
- **Áslandsskóla í Hafnarfirði**
- Brúarskóla í Reykjavík
- Kópavogsskóla

Styrkirnir eru í formi tölvubúnaðar, þjálfun kennara til forritunarkennslu og forritunarnámskeiða fyrir nemendur. Innifalið er þjálfun, handleiðsla og eftirfylgni sem Skema mun sinna.

Við í Áslandsskóla erum ákaflega stolt af styrknum. Hann gefur okkur aukin tækifæri við hugbúnaðar og forritunarkennslu. Í framhaldinu mun forritun vera kennd í ákveðnum árgangi og er sú skipulagsvinna þegar hafin. Þá hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra þegar þegið boð skólastjóra um að heimsækja skólann að ári til að kynna sér hverju styrkurinn hefur skilað okkur í Áslandsskóla.



STÓRA UPPLISTRARKEPPNIN 2014



Stóra upplestrarkeppnin hefst ár hvert á degi íslenskrar tungu 16. nóvember, og lýkur í mars.

Nemendur í 7. bekk hafa frá því í nóvember lagt rækt við vandaðan upplestur og góðan framburð. Í byrjun febrúar voru svo upplestrarhátíðir í hvorum bekk, lokahátíð skólans í kjölfarið og tveir nemendur valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans.

Fulltrúar Áslandsskóla á lokahátíð keppinnar í ár verða þau Bjarki Steinar 7. BBB og Katla Sól 7. BBB. Lokahátíðin fer fram þann 4. mars kl. 17 í Hafnarborg.

Það hefur verið frábært að fylgjast með miklum framförum hjá nemendum frá því í nóvember og hefur tekist vel til að vekja nemendur til umhugsunar um vandaðan upplestur og góða framsögn.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri